



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 131/1619**  
**komudagur 26.4.2005**

Reykjanesbæ 25. apríl 2005  
Tilvísun: 2005040107

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008**

Fyrir hönd Reykjanesbæjar viljum við koma á framfæri tveimur brýnum athugasemdum við frumvarp að samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.

Bæði verkefnin hafa verið unnin í samvinnu við Vegagerðina.

#### **424 Keflavíkurbraut**


Þetta verkefni hefur verið í fullum undirbúningi s.l. 2 ár og er helsta framtíðartenging af Reykjanesbraut inn í miðju Reykjanesbæjar, á eldri mörkum Keflavíkur og Njarðvíkur.


Eftir að varnarliðið skilaði landinu til ríkisins 2002 seldi ríkið (Utánríkisráðuneyti/Ríkiskaup) landið sem nýbyggingasvæði til einkaaðila fyrir um 150 milljónir kr. Forsenda kaupanna var að hér væri um að ræða m.a. íbúasvæði sem myndaðist við gerð umræddrar vegatengingar frá Reykjanesbraut og niður að Njarðarbraut. Reykjanesbær hefur lagt í umtalsverðan kostnað við gerð skipulags á svæðinu sem undirbúning sölu ríkisins á svæðinu og unnið með Vegagerðinni að mótun vegarins sem nú mun vera tilbúinn til útboðs. Óljóst er hvornig þessu er fyrirkommið í samgönguáætlun.

Vegna fyrri kynninga ríkisins við sölu á landinu og brýnna hagsmuna að skapa þessa aðalæð inn í miðju 5. stærsta sveitarfélags á landinu, er eindregið farið fram á að þessi framkvæmd fái skýrar fjárveitingar á samgönguáætlun. Vegagerðin hefur allar upplýsingar um málið.

#### **425 Nesvegur- fram hjá Höfnum**

Í tengslum við ákvörðun um gerð Reykjanesvirkjunar á Reykjanesi sem mun selja Norðuráli á Grundartanga raforku, var talið brýnt að færa þungaumferð framhjá íbúabyggð í Höfnum í stað þess að skera hana eins og nú er. Um er að ræða u.þ.b. 1 km langan vegarkafli sem fylgir aðalskipulagi. Hitaveita Suðurnesja hefur lýst sig reiðubúna við Vegagerðina að fjármagna framkvæmdina tímabundið og aðstoða í hvívetna þar sem umferðarhætta er mikil af þungaflutningum sem þegar eru orðnir um Nesveg. Þar sem málið þótti af öllum hlutaðeigandi afar brýnt var talið víst að til þessarar lagfæringar yrði gengið. Hvatt er til að þess sjáist merki í samgönguáætlun!

  
Arni Sigússon  
bæjarstjóri Reykjanesbæjar

  
Þóðvar Jónsson  
formaður bæjarráðs